

Reykjavík, 14. mars 2018  
R2018030002/12.8.4

Alþingi, nefndarsvið  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

Kt. 420169-3889

**Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um lágskattaríki.  
148 lögjafarþing 2017 - 2018. Þingjal 266 - 192. mál.**

Ríkisskattstjóri þakkar fyrir tölvupóst sem barst 1. mars 2018 þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.


Með tillögunni er lagt til „að fela fjármála- og efnahagsráðherra að leggja á 149. lögjafarþingi fyrir Alþingi frumvarp þar sem:


1. skilgreining á lágskattaríki verði vikkuð út þannig að hún taki til ríkja og lögsagnarumdæma sem veita íslenskum stjórnvöldum að staðaldri ekki upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir framkvæmd skattalöggjafar,
2. ráðherra verði falið að birta leiðbeinandi lista yfir ríki og lögsagnarumdæmi sem líkleg eru til að teljast lágskattaríki,
3. kveðið verði á um tilkynningarskyldu til skattyfirvalda um beina og óbeina eignarhlutdeild í lögaðilum í lágskattaríkjum, og
4. mælt verði fyrir um greiðslu eftirlitsgjalds í ríkissjóð vegna beinnar og óbeinnar eignarhlutdeildar í lögaðilum í lágskattaríkjum.“

Ríkisskattstjóri telur tilefni til að benda á að við skilgreiningu á lágskattaríki beri að gæta samræmis við skilgreiningu OECD á lágskattaríki. Þá hefur ríkisskattstjóri efasemdir um 4. lið þingsályktunartillögunnar þar sem slíkt eftirlitsgjald gæti verið til þess fallið að draga úr skilvirkni ákvæðisins.

Að öðru leyti en að framan greinir telur ríkisskattstjóri ekki ástæðu til frekari athugasemda.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þóroarson

  
Birgitta Arngrímsdóttir